

AUGLÝSING

um notkun heimildar í 28. tl. 3. gr. tollskrárlaga, um endurgreiðslu gjalda vegna skipasmíða og skipaviðgerða.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota framangreinda heimild eins og hér segir:

1. Nýsmíði stálskipa.

Að endurgreiddur verði tollur af nýsmíði stálskipa 10 brl. eða stærri, smíðuðum héraendis, og skal endurgreiðslan nema 10.2% af upphaflegu samningsverði.

Endurgreiðslur fara þannig fram:

$\frac{1}{3}$ hluti, þegar lokið er að byrða bol skipsins eða sjóða „sektionir“ saman.

$\frac{1}{3}$ hluti, þegar búið er að setja aðalvél og hjálparvélar á undirstöður í vélarrúmi skipsins.

$\frac{1}{3}$ hluti, að lokinni afhendingu skipsins til kaupanda.

Hækki verð skips á smíðatímabilinu, skal einnig greiða 10.2% af þeim hluta hækkunarinnar, sem beinlínis stafar af auknum innflutningi efnis og tækja fram yfir það sem upphaflegur smíðasamningur gerði ráð fyrir, enda hafi viðbótarsamningur verið gerður um breytingarnar.

Komi til viðbótarendurgreiðslu vegna þessa, skal sú endurgreiðsla fara fram í einu lagi að lokinni afhendingu skipsins til kaupanda, og skal afrit af smíðalýsingu og smíðasamningum fylgja umsókn til ráðuneytisins.

Verði endanlegt söluverð lægra en upphaflegt samningsverð, skal endurgreiðslan miðuð við söluverð, og skal tekið tillit til þessa við lokaendurgreiðslu.

Tollar af efni og tækjum skulu ekki vera innifaldir í samningsverði skips. Tollendurgreiðslur falli til skipasmíðastöðvarinnar, sem smíðina annast.

2. Nýsmíði tréskipa.

Endurgreidd verða 11.0% af upphaflegu samningsverði tréskips, 10 brl. eða stærra, smíðuðu héraendis.

Endurgreiðslan fari þannig fram:

$\frac{1}{3}$ hluti, þegar lokið er við að reisa bönd skipsins.

$\frac{1}{3}$ hluti, þegar búið er að setja aðalvél og hjálparvélar á undirstöður í vélarrúmi skipsins.

$\frac{1}{3}$ hluti, að lokinni afhendingu skipsins til kaupanda.

Hækki verð skips á smíðatímabilinu, skal einnig greiða 11.0% af þeim hluta hækkunarinnar, sem beinlínis stafar af auknum innflutningi efnis og tækja fram yfir það, sem upphaflegur smíðasamningur gerði ráð fyrir, enda hafi viðbótarsamningur verið gerður um breytingarnar.

Komi til viðbótarendurgreiðslu vegna þessa, skal sú endurgreiðsla fara fram í einu lagi að lokinni afhendingu skipsins til kaupanda, og skal afrit af smíðalýsingu og smíðasamningum fylgja umsókn til ráðuneytisins.

Verði endanlegt söluverð lægra en upphaflegt samningsverð, skal endurgreiðslan miðuð við söluverð, og skal tekið tillit til þessa við lokaendurgreiðslu.

Tollar af efni og tækjum skulu ekki vera innifaldir í samningsverði skips. Tollendurgreiðslur falli til skipasmíðastöðvarinnar, sem smíðina annast.

3. Viðgerðir skipa.

Endurgreiddur verður 15% tollur af upphæð reikninga yfir innflutt efni, sem notað hefur verið til viðgerðarinnar, öðru en tækjum þeim, sem greind eru hér á eftir, en af þeim verði greitt sérstaklega við framvísun tollreikninga.

1. Aðalvél.
2. Skrufubúnaður (gear, öxull, skrúfa).
3. Öxulbremsa.
4. Fjarstýringartæki véla.
5. Ljósavélar.
6. Rafalar.
7. Loftþjöppur.
8. Loftkútar.
9. Gear fyrir aflúttak.
10. Austur-, bruna- og kælivatnsdælur.
11. Eldsneytisdælur.
12. Smuroliudælur.
13. Oliuskilvindur.
14. Vökvahæðarmælar (pejlcenral).
15. Ferksvatnsgenerator.
16. Bógskrúfur.
17. Frysti- og kælivélar.
18. Ísvélar.
19. Ísdælur eða færirtæki.
20. Spil hvers konar.
21. Fiskidælur.
22. Spildælur.
23. Stýrisvélar.
24. Sjálfstýring.
25. Nótarkranar og kraftblakkir.
26. Viftur, fyrir loftræstingu og kælingu.
27. Hverfirúður.
28. Ankeri og keðjur.
29. Áttavitar.
30. Asdictæki, fiskleitartæki.
31. Dýptarmælar.
32. Talstöðvar.
33. Lorantæki.
34. Miðunarstöð.
35. Radar.
36. Ljósastarar.
37. Sveifarás í aðalvél.

Aðflutningsgjöld af pípum, fittings, lögnum, lokum og öðru efni, sem þarf til niðursetningar ofangreindra tækja, greiðast ekki eftir aðflutningsskýrslum. Sama gildir um efni til viðgerða og varahluti til þeirra.

Endurgreiðslur koma því aðeins til greina, að viðgerðarkostnaður nemi kr. 500 000.00 eða meiru og að viðgerðin fari fram óslitið.

Verktaki skal afhenda Skipaskoðun ríkisins í umboði fjármálaráðuneytisins alla reikninga yfir efnið, sem notað var til viðgerðarinnar. Skulu þeir stílaðir á skip það, sem um er að ræða og samþykktir af verkkaupa eða fulltrúa hans. Reikningunum fylgi verklýsing, sem staðfest er af skipaskoðunarstjóra að við-

gerð lokinni, enda fylgist Skipaskoðun ríkisins með verkinu frá upphafi og taki það út.

Þegar greitt er sérstaklega gegn framvísun tollreikninga, skulu reikningar (fakturur) fylgja þeim.

Þegar skipt er um vélar í skipum eða ný tæki sett í þau, telst það viðgerð.

Endurgreiðslurnar falli til skipamiðastöðvarinnar eða verkstæðis þess, sem viðgerðina framkvæmir, þó er þessum aðilum heimilt að framselja þær verkkaupa.

4. Söluskattur.

Að endurgreiddur verði allur söluskattur, sem viðkomandi skipasmíðastöð sannar, að hún hafi greitt til innheimtumanns ríkissjóðs vegna tiltekinnar nýsmíði skips 10 brl. eða stærra. Sama gildir um meiri háttar viðgerðir, sem endurgreiðslurétt hafa samkv. 28. tl. 3. gr. tollskrárlaga.

Beiðni um endurgreiðslu söluskatts skal senda ráðuneytinu um leið og beiðni um endurgreiðslu tolla, og skal beiðninni fylgja nákvæm greinargerð, þannig fram sett, að skattfyrvöld geti auðveldlega sannreynt réttmæti endurgreiðslufjárhæðar.

5. Reglur þessar ná til allra skipa, sem nú eru í smíðum og ekki hafa verið afhent kaupanda við undirskrift auglýsingar þessarar.

6. Endurgreiðsla tolla vegna báta minni en 10 brl., fer eftir sömu reglum og tíðkæzt hefur til þessa, þ. e. kr. 3800.00 pr. rúmlest, auk tolla af vélum og tækjum samkv. tollreikningum

Fjármálaráðuneytið, 18. október 1968.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

21. október 1968.

Nr. 274.

AUGLÝSING

um breytingar nr. 4 við Lyfjaverðskrá II frá 15. janúar 1968.

Frá og með 30. október 1968 ganga í gildi breytingar, útgefnar í dag, á Lyfjaverðskrá II frá 15. janúar 1968.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. október 1968.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.